

Starfshópur um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öræfa

**FRÁ MARKARFLJÓTI AÐ ÖRÆFUM
– TILLÖGUR OG FRAMTÍÐARSÝN**

NÓVEMBER 2016

Inngangur

Forsætisráðherra skipaði þann 9. september 2016 starfshóp sem ætlað var að móta framtíðarsýn fyrir svæðið frá Markarfljóti að Öräfum. Hópurinn skyldi koma fram með tillögur um eflingu byggðar og atvinnulífs með sérstakri áherslu á grunnþjónustu og vaxtargreinar í atvinnulífinu. Framkvæmd einstakra aðgerða er á ábyrgð hlutaðeigandi ráðuneyta og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Í starfshópinn voru skipuð Ágúst Bjarni Garðarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sem jafnframt var formaður, Baldur Sigmundsson, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Þórður Reynisson, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun, og Helga Þorbergsdóttir, stjórnarmaður í Háskólafélagi Suðurlands. Með hópnum starfaði Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.

Hópurinn kom fyrst saman til fundar 10. október í starfsstöð SASS á Selfossi. Á fundinn komu aðilar frá sveitarstjórnnum á svæðinu og gerðu grein fyrir sínum sjónarmiðum. Áhersla var lögð á samvinnu ríkis og sveitarfélaga og mikilvægi frumkvæðis heimamanna.

Annar fundur hópsins var haldinn 11. október í starfsstöð SASS á Selfossi. Á fundinn komu aðilar frá samtökum og fyrirtækjum á svæðinu og fóru yfir stöðu mála og framtíðarsýn.

Þriðji fundur starfshópsins var haldinn 14. október í Reykjavík. Á fundinum fór starfshópurinn vandlega yfir aðsendar tillögur frá sveitarstjórnnum, fyrirtækjum og stofnunum ásamt því að ræða þær tillögur sem fram komu í viðtölum á fyrri fundum.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Verkefnið	4
Stöðugreining svæðisins	4
Þriggja fasa rafmagn.....	5
Fjarskipti.....	5
Menntamál.....	5
Nám í ferða- og matvælatengdum greinum á Suðurlandi	6
Samgöngur	6
Samspil við ört stækkandi ferðaþjónustu á svæðinu	6
Sjónvörn í Vík.....	7
Löggæsla	7
Heilbrigðisþjónusta	7
Ríkisjarðir.....	9
Lokaorð	9

Verkefnið

Starfshópurinn leggur áherslu á að flýta þurfi uppbyggingu innviða á svæðinu frá Markarfljóti að Örafum þannig að það verði á markvissan hátt gert samkeppnishæfara. Skortur á þriggja fasa rafmagni, ljósleiðaratengingum og öfluggu samgöngukerfi hefur staðið byggð og fjölbreytni atvinnutækifæra fyrir þrífum. Tryggja þarf nauðsynlegt fjármagn á næstu árum og leggja áherslu á eflingu innviða á sviði orku, samgangna og fjarskipta. Öryggi í orkumálum, bættar samgöngur og bætt fjarskipti ásamt góðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu og menntun á öllum stigum eru þættir sem tryggja fólki á öllum aldri öryggi og bæta búsetuskilyrði. Þessir þættir þykja sjálfsgöð lífsgæði í nútímasamfélagi og eru nauðsynlegir eigi atvinnulíf og samfélag að geta dafnað.

Í tillögugerð starfshópsins hefur verið lögð sérstök áhersla á tvo þætti:

- Nýta sóknarfæri í atvinnugreinum og auka þannig verðmætasköpun
- Treysta byggð með eflingu innviða

Stöðugreining og tillögur

Til skamms tíma hallaði mjög undan fæti á miðsvæði Suðurlands, einkum á umræddu landsvæði frá Markarfljóti að Örafum. Íbúum fækkaði og meðalaldur hækkaði. Atvinnulífið var einhæft og einkenndist af hefðbundnum landbúnaði með sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu og það dró úr þjónustu við íbúa, m.a. með lokun pósthúsa, símstöðva, sláturhúsa og banka/sparisjóða. Í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli árið 2010 varð veruleg fjölgun erlendra ferðamanna á þessum slóðum. Það hefur haft mikil áhrif á svæðinu sem er nú einn helsti ferðamannastaður landsins. Íbúapróunin hefur snúist við, einkum vegna þess að störfum í ferðaþjónustu hefur fjölgað mikið, en henni hefur að verulegu leyti verið mætt með erlendu vinnuafli. Eftirfarandi tafla sýnir íbúapróunina í sveitarfélögunum Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Rangárþingi eystra:

	4. ársfjórðungur 2010			4. ársfjórðungur 2015			% breyting 2010-2015		
	Alls	Ísl. ríkisb.	Erl. ríkisb.	Alls	Ísl. ríkisb.	Erl. ríkisb.	Alls	Ísl. ríkisb.	Erl. ríkisb.
Mýrdalshreppur	470	450	25	530	420	110	12,8	-6,7	340
Skaftárhreppur	450	440	5	470	420	50	4,4	-4,5	900
Rangárþing eystra	1.740	1.570	170	1.780	1.530	250	2,3	-2,5	47,1

Uppbygging innviða á svæðinu hefur ekki haldið í við aukinn fjölda ferðamanna, hvort sem litið er til vegakerfis, raforkukerfis, heilbrigðisþjónustu, löggæslu eða aðstöðu á ferðamannastöðum.

Eftirfarandi eru tillögur starfshópsins að einstökum verkefnum og úrbótum sem mikilvægt er að ráðist verði í:

Þriggja fasa rafmagn

Mikið átak hefur verið unnið í þrífösun dreifikerfis raforku undanfarin ár, sérstaklega með aukinni strengvæðingu, en þrátt fyrir það eru stórir hlutar kerfisins án þriggja fasa rafmagns og á það við um nær allan Skaftárhrepp. Nú eru um 55% kerfisins með þriggja fasa jarðstrengjum og er það í samræmi við áætlanir RARIK. Strengvæðingu dreifikerfisins miðar áfram í samræmi við áætlun og engar vísbendingar eru um að ekki takist að ljúka verkinu fyrir árið 2035. Öllum viðskiptavinum verður þá tryggður aðgangur að þriggja fasa rafmagni. RARIK lagði síðast einfasa jarðstreng árið 2006 og er hætt að leggja slíka strengi.

Þriggja fasa rafmagn er ein frumforsenda þess að hægt sé að byggja upp atvinnugreinar með nútímatækjum þar sem nær allur aflfrekur tækjabúnaður er í dag gerður fyrir þriggja fasa rafmagn. Kostir þriggja fasa rafmagns eru óumdeildir og bent hefur verið á að það standi atvinnuþróun í sveitum landsins fyrir þrífum að ekki sé aðgangur að þriggja fasa rafmagni. Dæmi eru um að loka hafi þurft litlum matvælavinnslum, sem starfræktar eru á sveitabæjum þar sem ekkert þriggja fasa rafmagn er, en nær öll raftæki til matvælaframleiðslunnar eru gerð fyrir slíkt rafmagn.

Starfshópurinn leggur til að hraðað verði uppbyggingu á þriggja fasa rafmagni.

Fjarskipti

Forsenda fyrir eflingu svæðisins er aðgengi að góðum og öruggum fjarskiptum, bæði fyrir heimamenn og gesti. Þetta á bæði við um lagningu ljósleiðara og um þráðlaus samskipti. Verði ekki orðið við kröfum um góð og örugg fjarskipti er viðbúið að nýliðun verði minni og að þeir sem þar búa séu líklegri en ella til að flytjast á brott þar sem grunnþörfum þeirra í leik og starfi er ekki fullnægt.

Starfshópurinn leggur til að ríkið hraði uppbyggingu á fjarskiptum á svæðinu þar sem ljóst er að nauðsynlegt sé að ráðast í sértækar aðgerðir gagnvart dýrum jaðarsvæðum.

Menntamál

Á framhaldsskólastiginu tóku sveitarfélögin þrjú fullan þátt í byggingu Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Nú hefur heimavist FSu verið lokað og leigusamningi sagt upp. Staðan er því sú að ekki er nein heimavist við skólann. Þetta hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir nemendur sem eiga heima langt frá Selfossi því þetta takmarkar verulega möguleika þeirra til að sækja sér menntun. Það er aðkallandi að koma aftur á heimavist við skólann, einkum fyrir þá nemendur sem ekki eiga þess kost að nýta sér daglegan skólaakstur vegna fjarlægðar frá Selfossi.

Starfshópurinn beinir því til stjórnvalda að þau hlutist til um að tryggt verði að við skólann verði áfram rekin heimavist.

Framhaldsfræðsla (fullorðinsfræðsla) og háskólaþjónusta skipta miklu máli fyrir búsetuskilyrði fólks á svæðinu og einnig kallar sívaxandi fjöldi íbúa af erlendum uppruna á þjónustu í þessu sambandi. Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi sinna þessum málaflokkum. Með sérstakri fjárveitingu frá ríkinu árið 2013 var komið upp námsverum í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og þriggja ára áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands 2013-2015 gerði félögunum kleift að ráða starfsmann til að sinna þessum málaflokki. Árið 2016 eru Háskólafélagið og Fræðslunetið með samtals 15 m.kr. tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum til að mæta þessum auknu verkefnum.

Starfshópurinn leggur til að þessar fjárveitingar verði gerðar varanlegar frá og með fjárlögum 2017.

Þekkingarsetur hafa verið rekin um árabíl á Kirkjubæjarklaustri og í Vík (Kirkjubæjarstofa síðan 1997 og Kötlusetur síðan 2010). Þessi setur hafa enn ekki fengið rekstrarsamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið, en nokkur slík setur hafa verið stofnuð hér á landi og fengið samning á undanförunum árum, m.a. í kjölfar svæðisbundinna úttekta.

Gerð er tillaga um að Kirkjubæjarstofa og Kötlusetur fái slíka stöðu með t.d. 12,5 m.kr. árlegu framlagi á hvort þekkingarsetur. Setrin verði jafnframt liður í þjónustuneti Fræðslunetsins og Háskólafélagsins.

Nám í ferða- og matvælatengdum greinum á Suðurlandi

Fram kom í samtölum við atvinnulífið að mikilvægt væri að auka námsframboð í ferða- og matvælatengdum greinum. Sérstaklega var tekið fram að nám í kjötiðn hefði nú lagst af í Menntaskólanum í Kópavogi. Fyrir liggur að FSu hefur þróað nýtt grunnám í ferða- og matvælagreinum og Fræðslunetið og Háskólafélagið hafa verið að þróa námsbrautir á þessu sviði. Ferðaþjónusta og matvælaframleiðsla eru burðarstoðir byggðarinnar frá Markarfljóti að Örafum og aukið námsframboð mundi því nýtast svæðinu.

Starfshópurinn beinir því til mennta- og menningarmálaráðuneytisins að þessar sunnlensku stofnanir fái stuðning við að halda þessu námi úti í samvinnu við sunnlensk fyrirtæki á þessu sviði.

Samgöngur

Töluverðir öryggisveikleikar eru í samgöngum á svæðinu og einkum hefur verið bent á eftirfarandi þrjú atriði: veginn um Reynisfjall í Mýrdal, einbreiðar brýr og mjóa vegi. Jafnframt hefur verið bent á að vetrarþjónusta Vegagerðarinnar nái ekki að fylgja eftir stórauðum umferð allt árið um kring. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur áherslu á að gerð verði jarðgöng um Reynisfjall framan við þorpið í Vík. Þannig má losna við að hringvegurinn þveri byggðina í þorpinu með tilheyrandi slyshættu. Alþingi hefur ekki tekið verkefnið inn á samgönguáætlun. Í samgönguáætlun til næstu 12 ára sem lögð var fram í haust er gert ráð fyrir 350 m.kr. framlagi til úrbóta í Gatnabrún á þriðja tímabili áætlunarinnar (2023-2026).

Starfshópurinn leggur áherslu á að Vegagerðin/stjórnvöld flýti aðgerðum til að bæta umferðaröryggi á hringveginum í Mýrdal og rannsóknum verði hraðað vegna fyrirhugaðs nýs vegar um Mýrdal og jarðgöng um Reynisfjall. Ætlað er að setja 5-10 m.kr. til verksins. Þá verði veitt aukið fjármagn til að hraða útrýmingu einbreiðra brúa og bættrar vetrarþjónustu.

Samspil við ört vaxandi ferðaþjónustu

Eðli margra ferðamannastaða svæðisins er með þeim hætti að öryggi ferðamanna er sums staðar teflt í tvísýnu. Vegna fámennis eru sveitarfélögin vanmáttug til að byggja upp nauðsynlega innviði á þessu víðáttumikla svæði þar sem nokkra af fjölsóttustu áfangastaða landsins er að finna.

Starfshópurinn hvetur stjórnvöld til að forgangsraða fjármögnun á uppbyggingu áfangastaða í þágu svæðisins.

Sjövörn í Vík

Verulegt rof hefur orðið á ströndinni sunnan þorpsins í Vík á undanförunum árum. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við varnargarð vorið 2017. Kostnaðaráætlun framkvæmdanna nemur 270 til 290 m.kr. Áætlaður hluti sveitarfélagsins er 12,5%, líkt og um hafnarmannvirki væri að ræða. Sveitarfélagið mun þó ekki hafa neinar tekjur af garðinum.

Lagt er til að ríkið greiði 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmd og láni sveitarfélaginu 10% til að byggja varnargarðinn en það er í samræmi við það verklag sem tíðkast við verndun byggða hjá Ofanflóðasjóði svo dæmi sé tekið.

Löggæsla

Eins og áður hefur komið fram hefur ferðamannastraumur á Suðurlandi aukist gríðarlega á undanförunum árum og nær nú yfir allt árið. Álagið á innviðina hefur því aukist mikið, sem m.a. kemur fram í fjölgun alvarlegra umferðarslysa.

Starfshópurinn leggur áherslu á að Lögreglunni á Suðurlandi verði gert kleift að bregðast við síauknu álagi í þessu sambandi.

Heilbrigðisþjónusta

Reglubundinn opnunartími heilsugæslustöðvarinnar í Vík er fjórar klukkustundir á dag virka daga og þrjár klukkustundir á Kirkjubæjarklaustri. Lyfsölur eru staðsettar í heilsugæslustöðvunum og fylgja opnunartímar þeirra afgreiðslutíma stöðvanna. Utan reglubundins opnunartíma er vaktþjónusta á stöðvunum. Við aukinn fólksfjölda eykst álag á heilbrigðiskerfið.

Starfshópurinn leggur til að tekið verði tillit til þessa við skipulagningu þjónustunnar.

Frumkvöðlastarfsemi

Hagfelldar aðstæður til jarðræktar einkenna svæðið. Til skamms tíma var grasræktin alls ráðandi en á síðustu áratugum hafa frumkvöðlar þróað ræktun á ýmsum korntegundum og nýtt þær bæði til skepnufóðurs og í seinni tíð einnig til manneldis. Jafnframt hefur sjálfbærni í landbúnaði þróast, m.a. með hitaveitu, heimarafstöðvum og notkun repjuolíu til manneldis og á landbúnaðarvélar. Ferðaþjónustan hefur hér einnig komið við sögu, m.a. með gestastofu um gosið í Eyjafjallajökli.

Starfshópurinn beinir því til viðkomandi ráðuneyta að huga að því að nýta þessar aðstæður til frekari þróunar og kynningar á ræktunarmenningu í íslenskum landbúnaði, t.d. á vettvangi verkefnisins Matvælalandið Ísland.

Landverðir

Svæði sveitarfélaganna þriggja er víðáttumikið og tekur til hluta Vatnajökulsþjóðgarðs auk fjölda friðlýstra svæða, m.a. á fjölförnum ferðamannastöðum. Landverðir gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að upplýsingagjöf, þjónustu og eftirliti, m.a. til að tryggja öryggi ferðafólks. Hlutverk landvarða er ekki síður mikilvægt yfir vetrarmánuðina.

Því er lagt til að stjórnvöld veiti fé til að fjármagna eina nýja heilsársstöðu landvarðar á svæðinu.

Gestastofa

Vatnajökulsþjóðgarður hefur frá árinu 2012 rekið Skaftárstofu – gestastofu og upplýsingamiðstöð í félagsheimilinu Kirkjuból á Kirkjubæjarklaustri. Skaftárstofa hefur fram til þessa verið opin frá miðjum apríl fram í miðjan október. Fjölgun ferðamanna árið um kring kallar á heilsársopnun Skaftárstofu, sérstaklega með tilliti til öryggis ferðamanna. **Því er mikilvægt að tryggja Vatnajökulsþjóðgarði nægjanlegt fjármagn til heilsársreksturs gestastofunnar strax frá upphafi árs 2017.** Verið er að undirbúa byggingu nýrrar gestastofu þjóðgarðsins sem áformað er að opnuð verði 2019 en ekki er hægt að bíða með heilsársrekstur gestastofunnar í núverandi rými fram að þeim tíma.

Húsnæðismál

Ráðherra húsnæðismála hefur flutt frumvörp að umbótum í húsnæðismálum sem mörg hver eru orðin að lögum auk þess sem nýverið voru samþykkt lög sem munu auðvelda kaup á fyrstu fasteign.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur um húsnæðismál með fulltrúum sveitarfélaga, ráðuneyta, stéttarfélaganna og stofnana. Hlutverk starfshópsins er að greina stöðu á markaði og vinna tillögur að úrbótum fyrir landsbyggðina.

Ljóst er að á svæðinu er mikill hörgull á íbúðarhúsnæði sem hefur í för með sér að erfitt er fyrir einstaklinga og fjölskyldur að fá húsnæði við hæfi. Leyst hefur verið úr brýnni þörf ferðaþjónustunnar með bráðabirgðahúsnæði en við það skapast hálfgerð „verbúðarstemming“ og þeir einstaklingar sem þar búa verða síður virkir í samfélaginu. Á svæðinu öllu er kostnaður við að byggja nýtt húsnæði mun hærri en við að kaupa eldra húsnæði sem aftur hefur haft í för með sér að lítið hefur verið byggt. Vonir eru bundnar við að nýsamþykkt húsnæðisfrumvörp leiði til þess að hafist verði handa við byggingu á nýjum íbúðum.

Katla jarðvangur

Katla jarðvangur (Katla Geopark) var stofnaður sem sjálfseignarstofnun 2010 að frumkvæði Háskólafélags Suðurlands (HfSu) og sveitarfélaganna Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Jarðvangar (Geoparks) eru svæði sem hafa að geyma jarðminjar á heimsmælikvarða og er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra. Jafnframt er menningararfleifð samfélagsins gert hátt undir höfði með áherslu á verndun menningarminja og almennt lögð áhersla á eflingu innra hagkerfis.

Fram til ársins 2014 hafði Háskólafélag Suðurlands umsjón með rekstri jarðvangsins í samstarfi við sveitarfélögin þrjú. Frá og með árinu 2015 er reksturinn í höndum sveitarfélaganna þriggja. Við reglubundna fjögurra ára úttekt sl. sumar varð niðurstaðan sú að Katla jarðvangur fékk gult spjald, þ.e. hélt vottuninni aðeins til tveggja næstu ára og þarf því að gangast aftur undir nýja úttekt árið 2017. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist var fundið að því að einungis einn starfsmaður starfaði við verkefnið og það var talið ófullnægjandi til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem jarðvöngum ber að sinna. Jarðvangurinn er dæmi um afar vel heppnað byggðarþróunar- og náttúruverndarverkefni, sem nær alfarið hefur verið komið á laggirnar af heimamönnum, en stendur nú frammi fyrir því að rekstrargrundvöllurinn til lengri tíma er ófullnægjandi.

Starfshópurinn fagnar undirritaðri viljayfirlýsingu forsætisráðherra og stjórnar Kötlu jarðvangs um að stuðningur ríkisins við verkefnið verði 20 m.kr. á ári næstu fimm árin.

Ríkisjarðir

Mikilvægt er að koma ríkisjörðum í ábúð. Það má gera með því að tengja sérstaklega við verkefnið Brothættar byggðir (Skaftárhreppur til framtíðar).

Starfshópurinn leggur einnig til að komið verði á samstarfi Ríkiseigna og Skaftárhrepps um nýtingu ríkisjarða í sveitarfélaginu.

Lokaorð

Svæðið frá Markarfljóti að Örafum býr yfir margvíslegum tækifærum. Náttúra svæðisins er sérstök og svæðið sækja nú heim flestir þeirra erlendu ferðamanna sem koma til Íslands. Uppbygging innviða hefur ekki náð að fylgja eftir því álagi sem stóraukinn ferðamannastraumur hefur í för með sér. Megin tillögur starfshópsins taka mið af þessum aðstæðum:

- Hraðað verði aðgengi að þriggja fasa rafmagni.
- Hraðað verði ljósleiðaravæðingu eða ráðist í aðrar aðgerðir til bættra netsamskipta.
- Hraðað verði úrbótum og þjónustu á samgöngukerfi svæðisins með fækkun á einbreiðum brúm, breikkun vega og farið í rannsóknir á nýjum veg um Mýrdal.
- Þjónusta heilsugæslu og löggæslu verði eflað.
- Landvarsla verði á svæðinu allt árið.
- Ríkið greiði kostnað við sjóvarnargarðinn í Vík í samræmi við það sem tíðkast þegar um ofanflóðagarð er að ræða.
- Katla jarðvangur verði styrktur til að styðja við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda í þágu ferðaþjónustu.
- Sett verði af stað vinna til að finna lausn húsnæðismála á landsbyggðinni. Ljóst er að á svæðinu er markaðsbrestur og því er nauðsynlegt að greina stöðuna og koma með tillögur að úrbótum.
- Menntastofnanir fái stuðning til að halda uppi þjónustu við svæðið og þekkingarsetur á Klaustri og í Vík fari á fjárlög.
- Hugað verði að kynningu á ræktunarmenningu og frumkvöðlastarfsemi svæðisins á sviði landbúnaðar.